



Fundargerð stjórnar SOS nr. 299

Stjórnarfundur SOS

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi og Teams fjarfundur

Dagsetning og tími: 24. janúar 2021 kl. 14:30.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Helgi S. Haraldsson úr varastjórn, í stað Örne Írar Gunnarsdóttur, og Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH) í fjarfundi. Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG) frá Environice og fulltrúar Orkugerðarinnar, stjórnarmennirnir Guðmundur Svavarson, Steinþór Skúlason og Árni Eiríksson og Ólafur Wernersson framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar.

1. Orkugerðin

Stjórn og framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar mættu á fundinn og gerðu grein fyrir ýmsum valkostum í starfseminni til næstu framtíðar. SOS mun koma til framkvæmdastjóra Orkugerðarinnar tölulegum upplýsingum til útreikninga og frekari skoðunar á valkostum í samráði við Sorpstöð Rangárvallarsýslu.

2. Samráðsvettvangur vegna endurskoðunar á svæðisáætlun

Fundargerð frá 21. desember s.l. lögð fram til kynningar ásamt upplýsingum um kostnað við gerð svæðisáætlunar.

3. Hátæknibrennsla

Umræður um nýafstaðna ráðstefnu um hátæknibrennslu sem haldin var á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, og samstarfsvettvangs sorpsamlaga á suðvesturhorninu.

4. Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs

Stefáni Gíslasyni falið að gera drög að stutta greinargerð um stefnudrögin sem myndu liggja fyrir næsta stjórnarfund SOS.

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs o.fl.

Stefán Gíslasyni falið að leggja drög að umsögn stjórnar SOS og taka saman þau atriði sem helst gætu varðað aðildarsveitarfélög SOS

6. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán fór yfir stöðu á móttöku úrgangs. Árið 2020 fóru um 1660 tonn af úrgangi í Fíflholt og Stekkjarvík.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði mánudaginn 22. febrúar klukkan 15:00 í fundarsal SASS á Selfossi.
Fundi slitið klukkan 16:20